

**Svör faghóps 1 við umsögnum sem bárust í opnu
umsagnarferli við tillögum verkefnastjórnar 5. áfanga
rammaáætlunar á flokkun fimm virkjunarkosta**

Október 2024

Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) eru skilgreind tvö umsagnarferli. Fyrri umsagnarferlið um drög að tillögum verkefnisstjórnar tekur tvær vikur og í framhaldi af því er formlegt 12 vikna umsagnarferli um tillögur verkefnisstjórnar.

Í eftirfarandi greinargerð eru svör faghóps 1 við umsögnum sem bárust í samráðs- og kynningarferli í samráðsgátt stjórnvalda við tillögu að flokkun fimm virkjunarkosta í vatnsafli og jarðvarma.

Alls bárust 27 umsagnir um flokkun virkjunarkostanna fimm í samráðsgátt stjórnvalda í fyrri umsagnarferlinu (7.-21. júní 2024) og 20 umsagnir í seinna umsagnarferli (5.-27. september 2024).

Fyrri umsagnarferli:

Af þeim 27 umsögnum sem bárust í fyrri umsagnarferli innihéldu þrjár umsagnir faglega gagnrýni á skýrslu faghóps 1 og er þeim svarað hér að neðan.

Umsögn nr. 5 frá Bjarna Gný Hjarðar

Svar: Í umsögninni eru gerðar athugasemdir við aðferðafræði en ekki er ljóst út á hvað þær ganga. Í lið 1 er bein tilvitnun úr skýrslu faghóps 1 um þrepagreiningu án þess að gerð sé grein fyrir gagnrýni á aðferðafræðina.

Umsögn nr. 13 frá Arctic Hydro (fjögur fylgiskjöl fylgdu umsögn nr. 13: a) frá [Arctic Hydro](#), b) [Minnisblað](#) Sóknar lögmansstofu fyrir Arctic Hydro, c) [Minnisblað](#) Eflu fyrir Arctic Hydro og d) [Minnisblað](#) Sóknar lögmansstofu fyrir Arctic Hydro dagsett 31. mars 2021)

Svar við gagnrýni varðandi mat á víðernum vegna Hamarsvirkjunar:

Á árinu 1999 var Umhverfisráðuneytinu fyrst falið að kortleggja víðerni landsins¹. Á árinu 2016 var Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun falið þetta sama hlutverk². Árið 2021 var nýrri grein bætt í náttúruverndarlög þess efnis að kort um víðerni skyldi vera tilbúið á árinu 2023³. Enn sem komið er hefur víðernakort með lögformlega stöðu þó ekki verið gefið út. Óneitanlega hefur þetta áhrif á störf faghóps 1, sem hefur það hlutverk að leggja mat á verðmæti víðerna og skerðingu þeirra vegna virkjanaframkvæmda.

Samkvæmt aðferðafræði faghópsins skulu víðerni metin annars vegar út frá fágæti og hins vegar út frá stærð, heild, upprunaleika og samfellu. Enn sem komið er ekkert eitt kort til sem gerir faghópnum kleift að meta víðerni út frá þessum tveimur viðmiðum. Í ljósi þessarar stöðu var ákveðið að byggja á bestu fáanlegu gögnum um víðerni, en það eru tvö nýútgefin víðernakort; annars vegar víðernakort

¹ Þingskjal 404. (1998-99). Tillaga til þingsályktunar um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi. 123. löggjafarþing 1998-99. <http://www.althingi.is/altext/123/s/0404.html>

² Þingskjal 1027. (2015-2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026. 145. löggjafarþing 2015-2016. <https://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html>

³ Þingskjal 308. (2020-2021). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0308.html>

Ostmans o.fl. sem unnið var á grundvelli rannsókna í faghópi 1 í 3.-4. áfanga rammaáætlunar⁴ og hins vegar víðernakort Carvers o.fl. sem unnið var af Wildlife Research Institute að frumkvæði nokkurra íslenskra náttúruverndarsamtaka⁵.

Kort Ostmans o.fl. sýnir umfang þeirra svæða sem flokka má sem víðerni út frá fjarlægð frá mannvirkjum, í samræmi við lög um náttúruvernd. Þar sem þetta kort gefur engar upplýsingar um mismunandi gæði víðerna var ákveðið að styðjast einnig við kort Carvers o.fl. til að leggja mat á fágæti víðerna. Kortið sýnir flokka víðerna; kjarnasvæði, hjúpsvæði og umskiptasvæði, þar sem gerður er greinarmunur á gæðum víðerna, m.a. út frá aðgengi. Þetta kort gefur því vísbendingar um þau fágætu svæði þar sem ferlar náttúrunnar hafa fengið að þróast á eigin forsendum vegna skorts á aðgengi.

Ljóst er að hvorugt þessara korta hefur lögformlega stöðu. Engu að síður byggja þau bæði á rannsóknum og viðurkenndri aðferðafræði. Bæði kortin eru enn fremur heildstæð og ná yfir allt landið sem tryggir réttlátan samanburð á þeim svæðum sem faghópnum er falið að meta. Faghópur 1 lítur svo á að ekki sé réttlætanlegt að breyta kortunum fyrir einstök svæði þrátt fyrir gagnrýni sem beinist að forsendum kortlagningarinnar. Eftir sem áður skal það hér tekið fram að hefði víðernakort Ostmans o.fl. verið útfært með hliðsjón af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið, hefði það engu breytt fyrir mat faghópsins. Samkvæmt útreikningum Náttúrufræðistofnunar fyrir faghópinn nemur stærð víðerna innan áhrifasvæðis Hamarsvirkjunar 337 km² sé stuðst við kortið eins og það er útgefið. Kæmi til 5 km skerðingaráhrifa vegna Ódáðavatna og Sauðárvatns myndu víðerni innan áhrifasvæðis Hamarsvirkjunar minnka um 17 km², niður í 320 km². Sú minnkun myndi ekki breyta þeirri verðmæta- og áhrifaeinkunn sem faghópur 1 gaf fyrir viðfangið víðerni vegna Hamarsvirkjunar.

Svar vegna gagnrýni á breytingu í einkunnagjöf milli 4. og 5. áfanga. Landslag o.fl.:

Í kafla 2.4.1. í skýrslu faghóps 1 er gerð grein fyrir skilgreiningum, viðmiðum og forsendum fyrir mati á verðmætum og áhrifum fyrir einstök viðföng. Engin breyting var gerð á vægi og vogtölum viðmiða og viðfanga milli áfanga.

Aðferðfræði faghóps 1 er endurskoðuð reglulega með tilliti til nýrra rannsókna og bættrar þekkingar í samræmi við starfsreglur verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar nr. 515/2015. Í 5. áfanga rammaáætlunar endurskoðaði faghópurinn aðferðafræði í tengslum við mat á landslagi. Þó er ekki rétt að aðferðafræðin hafi gjörbreyst, heldur hefur orðið þróun á hluta hennar, í samræmi við það sem stefnt hefur verið að frá því í 2. áfanga og sem rannsóknir frá því í 3., 4. og 5. áfanga byggja undir. Um er að ræða eitt af fjórum viðmiðum sem snýr að því sem kallað hefur verið sjónrænt gildi en ber nú heitið fagurferðilegt gildi.

Í skýrslu faghóps 1 er ennfremur gerð grein fyrir helstu gögnum og heimildum sem lagðar voru til grundvallar við matið. Einnig aflaði faghópurinn frekari gagna, þar á meðal er nýtt minnisblað um gróðurfarsrannsóknir vegna Hamarsvirkjunar⁶, unnið af Náttúrufræðistofnun Íslands. Ítarlegan lista yfir þær heimildir sem faghópurinn byggði á við matið er að finna í viðauka 1 í skýrslu faghóps 1.

⁴ David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason. (2021). *Óbyggð víðerni á Íslandi: Greining og kortlagning á landsvísu*. Háskóli Íslands og Rammaáætlun.

⁵ Carver, S., Sif Konráðsdóttir, Snæbjörn Guðmundsson, Carver, B., og Kenyon, O. (2023). New approaches to modelling wilderness quality in Iceland. *Land*, 12(2), 446. <https://doi.org/10.3390/land12020446>

⁶ Rannveig Thoroddsen. (2023). Minnisblað um gróðurfarsrannsóknir vegna Hamarsvirkjun. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þegar bornar eru saman einkunnir milli mismunandi áfanga þarf að hafa í huga að aðferðafræði hefur þróast, ný gögn bæst við og þekking aukist milli áfanga. Varðandi gagnrýni á að ekki sé tekið tillit til mögulegrar afturkræfni, þá ber að halda því til haga að það er ekki hlutverk faghóps 1 að fjalla um það.

Svar vegna “Ógagnsæi ákvarðana um einkunnagjöf”:

Í skýrslu faghóps 1 er gerð grein fyrir aðferðum við mat á verðmætum svæða og áhrifum virkjanaframkvæmda á viðkomandi svæði (sjá kafla 2.4) og er þar fylgt viðurkenndri aðferðafræði og mati sérfræðinga í þeim viðföngum sem til umfjöllunar eru.

Faghópurinn fylgir ákveðnum skilgreiningum við afmörkun þeirra svæða sem metin eru með tilliti til verðmæta og áhrifa og er þeim lýst í skýrslunni. Gátlistinn sem vísað er til er hafður til hliðsjónar við AHP röðunina en hefur ekki bein áhrif á verðmæta- og áhrifaeinkunnir.

Nærliggjandi svæði hafa ekki verið til mats í rammaáætlun og því ekki hægt að spá fyrir um hvaða einkunnir þau myndu fá. Það að Hamarsvirkjun fái einkunnina 20 (mjög mikil verðmæti, efsti flokkur í ólínulegum kvarða) fyrir einstök undirviðföng, þýðir ekki að viðföng eða undirviðföng annarra svæða geti ekki fengið sömu einkunn, jafnvel þótt þau væru meira eða minna verðmæt. Staða tiltekinna svæða á náttúruminjaskrá segir ekkert til um verðmæti annarra svæða.

Svar vegna „Hamarsvirkjun nýtir einungis vatnasvið Hamarsár:

Svar:

Faghópur 1 áréttar að ábending um “einskonar þakrennuvirkjanir” í umræðukafla skýrslu faghópsins hafði ekki nein áhrif á einkunnagjöf.

Umsögn nr. 22 frá Náttúrufræðistofnun

Svar:

Í töflu 6 í skýrslu faghóps 1 koma fram einkunnir fyrir verðmæti svæða, viðfanga og undirviðfanga. Einkunnir fyrir viðfangið “jarðminjar og vatnafar” fyrir Bolaöldu eru fremur háar, hvort sem um er að ræða berggrunn, ferli eða vatnafar. Hins vegar eru einkunnir fyrir önnur viðföng lægri sem dregur meðaltalið niður. Í gátlista fyrir náttúru- og menningarminjar (tafla 3) sem faghópurinn hafði til hliðsjónar við AHP röðun virkjunarhugmynda kemur sömuleiðis fram í umfjöllun um Bolaöldu að Eldborgir við Lambafell sé dæmi um náttúruminjar fyrir svæðið.

Síðara umsagnarferli:

Af þeim 20 umsögnum sem bárust í síðara umsagnarferli voru þrjár umsagnir sem innihéldu faglega gagnrýni á skýrslu faghóps 1 og er þeim svarað hér að neðan.

Umsögn nr. 13 frá Samorku:

Svar við gagnrýni um að viðfangið „víðerni“ fái a.m.k. tvöfalt vægi í vinnu faghópa:

Það verður ekki hjá því komist að náttúra Íslands sé viðfangsefni bæði faghóps 1 og 2. Hins vegar nálgast faghóparnir viðfangsefnin á ólíkan hátt. Viðfangsefni faghóps 1 er að meta náttúru- og menningarminjar sem slíkar á meðan faghópur 2 metur virði náttúru- og menningarminja fyrir ferðaþjónustu, útivist og landbúnað.

Umsögn nr. 16 frá Náttúrufræðistofnun:

Svar:

Faghópur 1 þakkar ábendingar um atriði sem mætti bæta í töflu 3 í skýrslu faghópsins varðandi plöntur og vistkerfi. Varðandi gagnrýni á aðferðafræði faghóps 1, þá er aðferðafræðin í stöðugri endurskoðun og mun faghópurinn taka þetta atriði til skoðunar.

Umsögn nr. 17 vegna frá Arctic Hydro:

Svar:

Þeirri gagnrýni sem fram kemur í umsögn Arctic Hydro í seinna umsagnarferli hefur verið svarað hér að ofan (sjá svar við umsögn Arctic Hydro úr fyrra umsagnarferli).